



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 11. tbl.

Desember 2010

*Sveitarstjórn Skeiða- og
Gnúpverjahrepps
sendir íbúum og
öðru samstarfsfólki
hugheilar jóla
og nýárskveðjur
og þakkar samskiptin
á árinu sem er að líða.*

Aðventukvöld

Fyrsta sunnudag í aðventu var skóladagur í Bjórsárskóla. Þá fluttu nemendur helgileik og sungu jólalög á aðventuhátíð í Félagsheimilinu Árnesi. Nemendur stóðu sig vel og voru til fyrirmyndar í alla staði. Í byrjun desember fór yngri hópur skólans að Blesastöðum og söng og lék fyrir heimilisfólk þar. Á eftir fengu allir hressingu í boði Blesastaða og brunuðu síðan yfir í Ólafsvallakirkju þar sem hópurinn hitti sr. Eirík. Sama dag hitti sr. Eiríkur eldri nemendur í Stóra- Núpiskirkju. Þetta er góð hefði í tengslum við aðventu og jól að gera góða hluti og heimsækja kirkjur svæðisins.



F.v. Stefanía Einarisd., Sesselja Hansen, Dýrfinna Arnard. og Arnþór Hjörvars. Þau lásu upp jólasögu á aðventukvöldinu. Neðri mynd er af öllum hópnum í helgileik.

Skógardagur – jólapema

Föstudaginn 10. desember héldum við inn í skóg. Þá komu margir foreldrar með, sumir til að sækja sér jólatré og aðrir til að taka þátt í deginum með nemendum. Þennan dag var hlýtt og gott veður. Myrkrið gerði nemendum erfitt fyrir í verkefnum morgunsins en allt tókst að lokum. Jólaveinn og Leppalúði mættu í skógin og gerðu usla sem endaði með góðum söng og dansi í kringum jólatré. Í ferðinni sóttu nemendur sem ekki sóttu jólatré til eigin nota jólatré fyrir skólann og efni í skreytingar sem unnið verður með í síðustu viku fyrir jól. Starfsfólk á eldstöðinni bauð upp á kakó, lummur og mandarínur svo enginn var svangur þennan dag.



Síðasta vika fyrir jól

Síðasta vika fyrir jól er fjölbreytt þar sem þriðjudagur var helgaður jólaföndri og jólasöng. Á miðvikudag fá nemendur og starfsmenn að njóta afrakstur smákökubaksturs í heimilisfræði. Þá er boðið upp á kakó og smákökur í sal skólans undir lok dags. Á fimmtudag býður Stína kokkur upp á jólamat í mótuneytinu og á föstudag verða litlu jólin. Á föstudag er skóladagurinn frá 8:30-11:00. Nemendur og kennarar eiga góða stund saman, þar sem lesin eru jólakort, hlustað á jólasögu, dansað í kringum jólatré og skipst á þökkum. Þetta er notaleg stund á síðasta degi fyrir jólafrí.



Yngri nemendur sungu og léku á Blesastöðum fyrir jólin.

Að loknu jólafríi hefst skóli samkvæmt stundatöflu þriðjudaginn 4. Janúar 2011. Þá kemur Hafðís aftur til starfa og Hildur Lilja lætur af störfum. Við þökkum Hildi Lilju fyrir frábært samstarf á haustinu og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Á sama tíma er Hafðís boðin hjartanlega velkominn aftur til starfa.

Bestu óskir um gleðileg jól og innihaldsríka samveru um jólin. Þakka ykkur fyrir gott samstarf og góðan stuðning við skólastarfið á árinu. Jólakveðja, Ingibjörg María, skólastjóri.



Góðan daginn
ágætu sveitungar.
Það er alltaf nóg
um að vera hjá

okkur í leikskólanum.

Á degi íslenskrar tungu sem
er 16. nóvember ár hvert,
sungum við og fluttum vísu
fyrir foreldra, afa og
ömmur. Það er ekki

leiðinlegt að fá að koma upp á svið og syngja og leika það
sem við erum búin að vera að æfa. Við höfum jú mjög
gaman af tónlist og æfum okkur töluvert með alls konar
hljóðgjöfum - þeir eru ekki alltaf hefðbundnir. En við
leikum okkur líka úti og veðrið truflar okkur ekkert - það
er ekki síst gaman þegar það er smá bleyta.

Bestu kveðjur. Börn og starfsfólk leikhóls.



Vésteinn og Matthías



F.v er Hekla Sif, Arnór Ingi, Saga María og Anton Óskar.




Anna Lovísa, Bryndís, Matthías og Þórkátla.



Menn og málefni!

Emmi Marjukka Paananen og Dag Kristoffersen, Brautarholti 20, eignuðust stúlku þann 4. desember. Hún vó 4410 gr. og 52 cm. Stóra systir hennar er hún Saga María 2ja ára. Við óskum fjölskyldunni innilega til hamingju með litlu stúlkuna. Forseti Íslands veitti Söndru Dögg Eggertsdóttur frá Sléttabóli verðlaun á dögnum fyrir Netratleik í tilefni forvarnardagsins og þá hlaut Harpa Dís Harðardóttir Björnskoti, hvatningarverðlaun Öryrkjabandalag Íslands í hópi einstaklinga fyrir metnaðarfullt starf við gerð orlofshúss Proskahjálpar á Suðurlandi með góðu aðgengi fyrir fatlaða og áralanga baráttu hennar fyrir réttindum þeirra. - Til hamingju, báðar tvær!

Hornsófi eða sófasett!



Mig vantar svo hornsófa eða sófasett fyrir lítið eða ekkert ef einhver ætti og væri hættur að nota. Jólakveðjur.
Steinunn, Bugðugerði 4b
Sími. 848-1474



Frá Vatnsveitufélaginu Suður-Fall

Mjög lítil þrýstingur hefur verið á vatnsveitunni að undanfögnu og stefnir sums staðar í neyðarástand. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að lindirnar anna ekki notkuninni m.a. vegna lítillar úrkomu í haust. Það er því ljóst að ef okkur tekst ekki að afla meira vatns á næstunni, verður að grípa til örprifaræða eins og að að loka sundlauginni.

Okkur hefur verið sagt að sumir notendur láti renna stöðugt úti í haga (sírennsli) til að brynna búfé. Ef það er tilfellið eru menn eindregið beðnir um að leysa þau mál á hófstiltari hátt. Veitan var aldrei hönnuð til að anna þannig notkun og alveg óvíst að okkur takist að afla nægilegs vatns fyrir svoleiðis brúkun.

Ekki er útilokað að lögnin leki einhvers staðar þar sem við vitum ekki um, vegna bilunar. Ef einhverjir vita um slíkan leka eru þeir vinsamlegast beðnir um að láta stjórnina vita.

Stjórnin hefur fengið leyfi til að virkja eina lind í námunda við gömlu lindirnar og verður það gert um leið og færi gefst. Hvort sú viðbót dugir, verður tíminn að skera úr um. Ef menn fara sparlega með vatnið, vonumst við til að það sleppi til.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Suður-Falls
Þorgeir Vigfússon

Næsta fréttabréf kemur út miðvikudaginn 15. janúar 2011.

Skilafrestur efnis til 10. janúar.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir, frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin

mánudaga–fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) Veffang: www.skeidgnup.is

Gleðileg jól gott og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Vöndull, flutningaþjónusta

Múrbúðin – Flúðum

Flúða-Taxi - Víola, snyrtistofa.



Flúða Taxi



Sími 893 1462



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804



Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug s: 486 5500 - Neslaug s: 486 6117

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað



Hætt er að selja inn hálf tíma fyrir lokun !

Lokað aðfangadag og nýársdag.

Allir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í Skeiða– og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund!

Sundgleraugu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar í sundlaugunum. Sundlaugarverðir!

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá **GUINOT**
Tímápananir í síma 856-1599

Á bak við eldavélina

Ég þakka Guðbjörgu fyrir áskorunina.

Að fenginni reynslu við að marinera kjöt í bjór (fugla-lamba-nauta) kem ég hér með eina uppskrift sem hefur ekki klikkað.

Marineraðar kjúklingabringur

4 kjúklingabringur klofnar


2 bjórar 33 cl

balsamedik

Hot sweet chili sósa

rjómi

kjúklingakraftur t.d. Tasty fljótandi



Marinering:

1 bjór settur í skál, balsamediki bætt úti og einnig hot sweet chili

sósunni, nauðsynlegt er að smakka á blöndunni og finna jafnvægi á milli ediksins og chili sósunnar, þetta fer allt eftir smekk hvers og eins .

Setjið kjúklinginn í ílát og hellið leginum yfir, þetta má liggja í ½ sólarhring ef vill.

Kjúklingurinn grillaður á pönnu eða á grilli



Sósa:

Setjið marineringuna í pott ekki samt alla, þynnið með seinni bjórnum (**ekki drekka hann**) þar til hæfilegum styrkleika er náð, hitið vel, setjið kjúklingakraftinn saman við eftir smekk, bætið góðri slettu af rjóma úti. Þykkja sósuna með sósujafnara. Gott er að setja rífsberja- eða bláberjasultu úti sósuna.

Meðlæti: Gott er að hafa hvítlauksbrauð og hrásalat með hvort sem það er úr búð eða heimalagað.

Verði ykkur að góðu

Ég skora á Bjarna Einarsson í Bugðugerðinu að koma með eitthvað gott í næsta bréf☺

Með jólakveðju

Magnús Óskarsson

Kvenfélag Gnúpverja SSK jólakort

Til sölu eru jólakort til styrktar sjúkrahúsi Suðurlands eins og undan farin ár. Bæði eru til búnt með 12 kortum að eldri prentunum og ný kort, 10 í pakka með skemmtilegri hestamynd.

Öll á sama verði, 1500,- kr. Endilega hafið samband við formann (s. 486-6034 eða 774-6034) ef ykkur vantar ný kort, get skutlað þeim til ykkar ef með þarf. Stjórnin.



08. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 16. nóvember 2010 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, 1. varamaður Hörpu Dísar Harðardóttur, Sigrún Guðlaugsdóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana Heyden Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fundargerð menningar, æskulýðs, velferðar- og jafnréttisnefndar frá 10.11.2010. Fundargerð samþykkt.
2. Erindisbréf fyrir menningar, æskulýðs, velferðar- og jafnréttisnefnd lagt fram til staðfestingar með áorðnum breytingum sem koma fram í fundargerð nefndarinnar. Erindisbréf samþykkt með þeim áorðnu breytingum.
3. Fundargerð atvinnu, fjarskipta- og samgöngunefndar fundur haldinn 02. 11. 2010. Fundargerð samþykkt. Rætt um fjarskiptamál. Ákveðið að kanna áhuga fleiri aðila á lagningu ljósleiðara í sveitarfélagið.
4. Fundargerð félagsmálanefndar 130. fundur haldinn 03.11.2010. Fundargerð staðfest.
5. Fundargerðir Almannaþingis Árnessýslu 7. fundur haldinn 16.04.2010 8. fundur haldinn 03.05.2010 9. fundur haldinn 29.10.2010. - Fundargerð lögð fram.
6. Farið yfir húsnæðismál Brunavarna Árnessýslu og reiknireglu brunavarnanna við skiptingu rekstrarframlaga aðildarsveitarfélaganna.

Eftirfarandi bókað vegna málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskar hér með eftir því við stjórn og fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu að tekin verði til endurskoðunar reikniregla við skiptingu rekstrarframlaga aðildarsveitarféлага Brunavarna Árnessýslu.

Í þeirri endurskoðun verði endurmetið vægi íbúafjölda annars vegar og brunabótamats hins vegar. Sveitarstjórn bendir á að núverandi reiknireglur eru mjög óhagstæðar sveitarfélaginu og framlög þess til brunavarna óeðlilega há miðað við íbúatölu. Jafnframt leggur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps áherslu á að fermetra leiguverð aðstöðu húsnæðis verði það sama á öllum leigðum starfsstöðvum Brunavarna Árnessýslu hér eftir sem hingað til.

7. Drög að samningi við hundafangara í samstarfi við Flóahrepp.

Samningur samþykktur.

8. Kosning fulltrúa á auka aðalfund Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Aðalmenn: Gunnar Örn Marteinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason.

Varamenn: Jón Vilmundarson, Sigrún Guðlaugsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason.

9. Erindi frá Stígamótum með ósk um fjárstuðning.
Samþykkt að styrkja samtökin um kr. 50.000.- árið 2011.
10. Farið yfir útboðsgögn vegna breytinga á Árnesi og tekin ákvörðun um við hvern verður samið um verkið. Premur aðilum var gefinn kostur á bjóða í verkið en tveir aðilar lögðu inn tilboð. Tré og Straumur ehf og Prándarholt sf. Ákveðið að taka tilboði Tré og Straums ehf sem hljóðar upp á kr. 18.382.000.- m/vsk án frávika og oddvita falið að ganga frá samningi og dagsetja verklok í samráði við arkitekt. Málinu vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.
11. Farið yfir verðkönnun vegna snjómoksturs. Tveir aðilar sendu inn verðboð. Sameiginlegt boð frá Strá ehf & Dazza ehf og hins vegar Georg Kjartanssyni, Ólafsvöllum. Ákveðið að ganga til samninga við Strá ehf og Dazza ehf um sjómokstur í sveitarfélaginu frá 1. desember 2010 til 15. apríl 2013, oddvita falin undirritun samnings.
12. Farið yfir stöðu mála varðandi söluna á prestssetrinu Tröð.
Oddvita falið að vinna áfram í málinu.
13. Farið yfir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og rætt um hvaða forsendur skuli liggja þar að baki.
Tillaga að útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda í Skeiða-og Gnúpverja hreppi árið 2011.
 - a. **Útsvar**
Útsvar fyrir árið 2011 verður 13.28%
 - b. **Fasteignagjöld**
 - A- flokkur.**
Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0.60% af heildar fasteignamati.
 - B- flokkur.**
Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr.4/1995 verður 1.32% af heildar fasteignamati.
 - C- flokkur.**
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Samkvæmt 3. gr. þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67. ára, og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmiðið er í lið 7. Gjald dagar fasteignaskatts eru í lið 8.

Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2010 í samræmi við breytingu á vísutölu neysluverð á tímabilinu 1. des 2009 til 1. des. 2011. Tillagan samþykkt.

14. Sveitarstjórn óskar nemendum og starfsfólki Þjórsárskóla til hamingju með Landgræðsluverðlaunin 2010 og hvetur þau til áframhaldandi vinnu á þessari braut.

Mál til kynningar

A. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 780. fundur haldinn 29.10.2010.

B. Fundargerð Tónlistaskóla Árnesinga 154. fundur haldinn 11.10.2010

Fleira ekki, fundi slitið kl. 15:45.

Söngglaðar konur!

Okkur vantar söngglaðar konur á öllum aldri í kórinn okkar.

Í vændum er spennandi vor með þátttöku í kvennakóramóti.

Æfingar eru á mánudagskvöldum í Félagsheimilinu á

Flúðum. Næsta æfing er 10. janúar kl. 20.30.

Uppsveitasystur



Strákar - stelpur! Við spilum körfubolta öll fimmtudagskvöld í Árnesi Kl. 20:30.



Bara mæta. - UMFG

Fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20:00 á sparkvellingum í Árnesi.

Fyrir oldboys & girls ☺ ☺

Æfingarnar eru á vegum UMFG og UMFS



Kort af afréttum sveitarfélaga!

Endurútgengið hefur verið kort að afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna. Það er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar kr. 500 Oddviti.

hó hó hó!

Heyrst hefur að þann 23. desember verða jóla-sveinar á ferð um Skeiða- og Gnúpverjahrepp og vilja þeir heimsækja heimili og aldrei að vita nema þeir vilji taka lagið með krökkunum.

Heimsókn á bæ kostar 1500 kr.

Pantanir skulu berast fyrir 22. desember í

netfangið: jolasveinarskeidgnup@gmail.com eða síma: 8609682

(Þeir sem vilja koma sendingu á sveina verður það rætt nánar við pöntun.)



Umsjónarmann vantar í reiðhöllina!

Reiðhöllin á Flúðum auglýsir eftir umsjónarmanni hússins frá og með næstu áramótum. Starfið er 15-20% og felst í almennri umsjón með húsinu, t.d að hesthús sé hreinsað og þrifalegt ásamt salernum og áhorfendabekkjum og reiðsvæði sé í lagi.

Nánari upplýsingar veita Guðni í s: 8561136 og Helgi í s: 8977623.



Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Brautarholti

Mánudaga kl. 16—18

Miðvikudaga kl. 16—18

Fimmtudaga kl. 20—22

Nú er hægt að skila bókum allan sólarhringinn!

Sett hefur verið lúga sem hægt er að setja bækurnar í.

Óska öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir samskiptin á árinu.

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505

Þorbjörg. H. Halldórsdóttir

LOKAÐ á Þorláksmessukvöld.

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Nú er það ár að verða liðið frá því að þær breytingar gengu í gildi sem höfðu það í för með sér að nú þjónar einn prestur svæði sem áður var þjónað af tveimur. Ein af sýnilegum afleiðingum þess er að helgihald á stórhátíðum getur ekki orðið eins og áður hefur verið.

Ég vil nota tækifærið og þakka vinsamlegar viðtökur og gott samstarf við alla sem koma að kirkjustarfinu. Er þar auðvitað helst að nefna organista, sóknar-nefndir og kórólkið. Hápunktur starfsins þetta árið er í mínum huga hin stórskemmtilega ferð okkar austur að Höfn í Hornafirði síðastliðið vor.

Nú er jólahátíðin að hefjast, þessi nauðsynlega upplyfting sálarlífsins einmitt þegar myrkrið er hvað mest þrúgandi. Við setjum upp skrautljós í endalausum útgáfum. Sendum vinum og ættingjum kveðjur. Veljum gjafir handa okkar nánustu og innan um og samanvið seittlast inn í hug og hjarta boðskapur um frið og kærleika, vináttu og sátt. Boðskapur sem á birtingarmynd sína í fæðingu barns við fátæklegar aðstæður. Af þeirri mynd berst sú birta sem ekkert myrkur nær að kefja. Verum því glöð og njótum þess sem hátíðin hefur að gefa.

Fjársöfnun fermingarbarna

Undanfarin ár hefur sá siður verði að festast í sessi að fermingarbörn safni fé fyrir hjálparstarf kirkjunnar. Þessir fjármunir fara óskertir til vatnsverkefna í Afríku og stuðnings við börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi. Börnin okkar söfnuðu fimmtíu þúsund krónum í sinni ferð og er það frábær árangur. **Hér með eru þeim færðar þakkir sem létu af hendi rakna til þessa mikilvæga málefnis.** Í heild söfnuðust um 8 milljónir í þessu verkefni fermingarbarna á landinu.

Barnastarf

Sagt var frá því síðast að nú væri meiningin að fara af stað með sameiginlegt barnastarf fyrir allar sóknir prestakallsins í Hrepphólakirkju. Þetta hefir farið vel af stað og aðsókn verið góð og úr öllum sóknum. Nú höfum við tekið okkur hlé fram yfir áramót og munum segja frá því nánar þegar starfið hefst að nýju.

Helgihaldið um jól

Stóra-Núpskirkja aðfangadagskvöld kl. 23:30

Ólafsvallakirkja jóladagur kl. 11:00

Hrepphólakirkja jóladagur kl. 14:00

Hrunakirkja jóladagur kl. 16:00

Gamlársdagur helgistund í Tungufellskirkju kl. 16:00

Megi góður Guð gefa ykkur öllum gleðilega jólahátíð.

Eiríkur Jóhannsson.





Kvenfélagskonur eru trúar markmiðum félagsins eins og endranær. Mánudaginn 6. des. komu saman margar galvaskar konur vopnaðar kleinuþjálum, kökukeflum og svuntum í Árnesi. Við undirleik jólalaga og með bros á vör voru steiktar 1000 kleinur. Þær voru svo gefnar til úthlutunar hjá Mæðrastyrksnefnd.

Bestu þakkir þið sem stóðuð fyrir þessu kvöldi og þarna sannaðist sem oftast, að konur geta gert margt gott saman og margt í einu. Því auðvitað var þetta skemmtileg kvöldstund að auki. Kvenfélag Gnúpverja gefur einnig fyrir jólin 50 þúsund kr. í nafni eldri borgara, sem vildu fremur að styrkur færi til hjálparsamtaka en að þiggja gjöf frá félaginu. Sami háttur hefur verið á í 2 ár. Fyrir þessi jól fær Rauði kross Íslands þessa upphæð til úthlutunar innanlands.

Með þökk fyrir samstarfið á árinu og kærum jólakveðjum.
Stjórn Kvenfélags Gnúpverja.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju

er hægt að fá hjá Margréti í Háholti, 486-6017

Stefaníu í Ásum 486-6046 og Helgu í Tröð 486-5650.



Pistill frá oddvita.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 hefur verið afgreidd, það sést vel á henni að reksturinn er að þyngjast og nauðsynlegt að herða aðeins tókin í rekstri sveitarfélagsins. Þar vega fræðslumálin lang þyngst, ég hef farið yfir þau mál með skólastjórnendum og er það okkar markmið að reyna að hagræða eins og kostur er án þess að það bitni á nemendum. Ljóst er að væntanlegar fjármálareglur sveitarfélaga leyfa ekki hallarekstur nema þriðja hvert ár, enda á það að vera markmið allra sveitarstjórna að reka sveitarfélögin hallalaus ef þess er nokkur kostur, en staðan er mis erfið um þessar mundir og eiga sum sveitarfélög í talsverðum rekstrarerfileikum.

Hjá okkur snýst þetta einkum um að þjónustugjöldin verði hófleg og þjónustustigið ekki stillt alltof hátt, með því móti á að vera hægt að reka sveitarfélagið réttu megin við strikið og eiga eitthvað eftir í viðhald og nýframkvæmdir.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

Nú er búið að afgreiða fyrri umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 og væntanlega verður seinni umræðu lokið þegar þið lesið þetta. Mun ég hér á eftir gera grein fyrir því helsta í áætluninni. Þjónustugjöld hækka mis mikið en rétt er að taka fram að eftir sem áður eru þjónustugjöldin íbúum hagstæð í Skeiða-og Gnúpverjahreppi í samanburði við önnur sveitarfélög.

Álagningarprósenta fasteignagjalda er óbreytt milli ára, það sama á við um útsvar að öðru leyti en því að útsvar hækkar um 1.20 % vegna flutnings á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna, tekjuskatts prósentan hjá ríkinu lækkar í sama hlutfalli, þannig að þessi tilflutningur hefur ekki í för með sér auknar álögur á íbúa.

Leikskólagjöld og matarkostnaður nemenda í leik og grunnskóla hækka að meðaltali um 5%. Eftir þá hækkun er hlutur foreldra um 11% af rekstri leikskólans, það er lágt hlutfall sem ekki sést víða.

Lagt verður á holræsagjald á þeim stöðum þar sem sveitarfélagið rekur fráveitukerfi, en sveitarfélagið hefur lagt í mikinn kostnað við þennan málaflokk á undanförunum árum án þess að hafa verið með sérstakan skatt á þá íbúa sem hafa notið þessara framkvæmda, gjaldið verður 0.15% af fasteignamati íbúða.

Vatnsgjald verður óbreytt milli ára á íbúðar og iðnaðarhúsnæði en hækkar um 4.000 kr.á sumarhús, rétt er að taka fram að lengst af var ekki innheimt sérstakt inntökugjald vatnsveitu í sumarhús þannig að sveitarfélagið hefur greitt verulega með þessum málaflokki. Sorpgjöld hækka verulega, eða um 50%, þrátt fyrir þessa miklu hækkun erum við talsvert undir öðrum sveitarfélögum í nágrenninu hvað varðar gjaldheimtu í þessum málaflokki. Eftir þessa hækkun nema sorpgjöld um 63% af áætluðum kostnaði sveitarfélagsins við þennan málaflokk. Lagt verður til að þak verði sett á aldur þeirra sem greitt verður með í tónlistarnámi. Gert er ráð fyrir að verulega verði dregið úr opnunartíma sundlauga, sérstaklega yfir vetrartímann. Jafnframt á að endurskipuleggja rekstur bókasafns á þann veg að draga úr starfshlutfalli bókasafnsvarðar.

Gert er ráð fyrir að hækka tómstundastyrki hvers íbúa á aldrinum 6 til 18 ára úr 30.000,- kr. á ári í 50.000,- kr. á ári.

Áætlað er að setja 10.000.000,- kr. í framkvæmdir við vatnsveitu á næsta ári en vatnsveitan er á undanþágu og þörf á gera verulegar lagfæringar á henni. Gert er ráð fyrir að setja 15.000.000,- kr. í lagfæringar á Árnesi, þessar lagfæringar eru að hluta til tengdar Þjórsárstofu og að hluta til nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir. Leigutekjur vegna Þjórsárstofu eru 85.000.000,- kr. á tíu ára tímabili. Veruleg þörf er á að laga gámasvæðin, svæðið við Árnesi er ekki framtíðarsvæði samkvæmt skipulagi og ljóst að sveitarstjórn treystir sér ekki í að leggja í verulegan kostnað á næsta ári við að koma því á þann stað sem það á að vera samkvæmt skipulagi, hinsvegar má laga núverandi svæði og gera það aðgengilegra fyrir litla fjármuni. Svæðið í Brautarholti er hinsvegar á skipulögðu gámasvæði, þannig að hægt er að gera þar lagfæringar til frambúðar. Sveitarstjórn gerir ráð fyrir að setja 4.000.000,- kr. í lagfæringar á gámasvæðum á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu á plani við leikskólan í Brautarholti upp á 8.000.000,- kr. og gert er ráð fyrir 6.800.000,- kr. í almenn viðhaldsverkefni á fasteignum sveitarfélagsins á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir lántökum á næsta ári frekar en undanfarin ár. Helstu niðurstöður í fjárhagsáætlun eru að hagnaður er áætlaður 37.447.000,- kr. veltu fé frá rekstri 48.976.000,- kr. handbært fé frá rekstri er áætlað 58.476.000,- kr. handbært fé í lok árs 2011 er áætlað 105.245.000.kr. langtímaskuldir A og B hluta sveitarsjóðs nema 34.885.000,- kr.

Í lok árs

Nú styttest í jólin og allt það sem þeim fylgir, ég vil óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þakka ykkur samstarfið á árinu, ég er viss um að nýju ári mun fylgja aukin bjartsýni hjá okkur Íslendingum og leiðin fari að liggja upp á við.

Hafið þið það sem allra best.

Gunnar Örn, oddviti.

Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um jól og áramót

23. desember opið frá kl. 9:00 til 12:00

24. desember lokað

27. desember lokað

28. - 30. desember hefðbundinn opnunartími

31. desember lokað

frá 3. janúar, hefðbundinn opnunartími.



Starfsfólk skrifstofu sendir sveitungum, samstarfsfólki og öllum viðskiptavinum óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Jólaball í Brautarholti!

Ballíð hefst **kl. 15:00** þri 28. des. og kostar kr.500 f. fullorðna.

Boðið verður upp á kaffi, konfekt og smákökur.

Ólafur B.Hjaltested skemmtir.
Kvenfélögin.



Óskum öllum sveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum samstarfið í Árnesi á liðnum árum.

Guð blessi ykkur.

Kær kveðja.

Jóhanna og Bergleif.



Myndin á
jólakortum
Einstakra barna
hefur alltaf

verið eftir listamenn úr félaginu eða velunnara þess. Listamaðurinn í ár er Hekla Salóme Magnúsdóttur, 10 ára, úr sveitinni okkar. Kortin eru í stærðinni 17*12 cm.



Kortin fást hjá Hörpu í Björns koti,

endilega komið eða hafið samband í síma 899-9653.

Með því að kaupa jólakort af félaginu ertu að styrkja verðugt málefni. Auk þess að bæta lífsgæði þessara barna hjálpar þú okkur að vekja athygli á málstað þeirra og tilveru.

09. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 07. desember 2010 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana Heyden Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi sveitarfélagsins kom á fundinn og yfirför fjárhagsáætlunina.

Helstu niðurstöður endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar vegna 2010 í þús. króna.

	A hluti	A og B hluti
Tekjur	372.220	379.537
Gjöld	(391.913)	(388.927)
Fjármunatekjur	6.673	2.430
Rekstrarniðurstaða	(13.021)	(6.960)

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun 2011 vísað til síðari umræðu.

3. Tillaga að gjaldskrár sveitarfélagsins árið 2011.

Gjaldskrá Skeiða-og Gnúpverjahrepps árið 2011

Útsvar

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt frá fyrri ákvörðun á fundi sveitarstjórnar þann 16. nóv. 2010, þ.e. 13,28%, en með fyrirvara um að lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið þá 14,48% á árinu 2011.

Vatnsgjald

Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, verður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 6. október 2009. Vatnsgjald sumarhúsa verður 24.000.-kr.

Seyrulosunargjald

Árlegt gjald fyrir losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun frá-veituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 5.833.- kr. á rotþró.

Sorpgjöld

Sorpgjöld er lögð á samkvæmt samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 8. des 2005. Samþykktin var staðfest á 84. fundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 14. mars 2006, og staðfest af Umhverfisstofnuneyti þann 5. janúar 2007.

Sorpgjöld árið 2011 verða eftirfarandi.

Sorphirðugjald 240 L	11.077.- kr.
Sorphirðugjald 660 L	32.603.- kr.
Sorphirðugjald 1.100 L	53.985.- kr.
Sorpeyðingargjald íbúðarhús	11.218.- kr.
Sorpeyðingargjald sumarhús	8.400.- kr.
Sorpeyðingargjald atvinnu	30.565.- kr.

Holræsagjald

Lagt verður á holræsagjald á þeim stöðum þar sem sveitarfélagið er með holræsakerfi, gjaldið nemur 0.15% af fasteignamati. Gjaldið verður innheimt þegar samþykkt um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur verið staðfest.

e. Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

Gjaldskrá grunnskóla frá 1. janúar 2011

Skólamötuneytisgjöld

Morgunhressing kr. 66,-
Hádegisverður kr. 218,-

Skólavistun

Skólavistun klst. kr. 201,-
Aukavistun klst. kr. 298,-
Náðarkorter 15 mín. Kr. 78,

Gjaldskrá leikskóla frá 1. janúar 2011

Ein stök morgunhressing kr. 62,-
Einn stakur hádegisverður kr. 177,-
Ein stök síðdegishressing kr. 74,-
Klukkustundargjald kr. 118,-
klst.gjald 75% kr. 88,-
klst. gjald 50% kr. 56,-
9. klukkustundin kr. 200,-

4. Tillaga að upphæð tómtundastyrks fyrir árið 2011.

Sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps samþykkir að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2011 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf.

Með umsókn þarf að fylgja kvittun um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og /eða menntun.

5. Fundargerð umhverfisnefndar fundur haldinn 22.11.2010.

Fundargerð samþykkt.

6. Fundargerð skólanefndar 4. fundur haldinn 25.11.2010 og erindisbréf skólanefndar.

Fundargerð samþykkt og erindisbréf skólanefndar samþykkt.

7. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla 8. fundur haldinn 22.11.2010.

Fundargerð samþykkt.

8. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 29. fundur haldinn 18.11.2010. Jafnframt lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa 54. fundur haldinn 27.10.2010 og 55. fundur haldinn 10.11.2010. - Fundargerð samþykkt.

9. Samstarfssamningur við Hrunamannahrepp vegna Félagsmiðstöðvarinnar Zero. Samningurinn samþykktur og oddvita falið að skrifa undir.
 10. Ósk um framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands, jafnframt lögð fram til kynningar framvinduskýrsla markaðsstofunnar 2010. Framlenging samstarfssamnings samþykkt með fyrirvara um kostnað.
 11. Erindi frá Fannborg ehf með ósk um lengri frest til að fjarlægja skála í Kisubotnum, málið áður á dagskrá sveitarstjórnar á fundi 02.11.2010. Samþykkt að veita frest til þess að flytja húsið til 30. júní 2011.
 12. Fundargerð oddvitafundar fundur haldinn 29.11.2010. Fundargerð lög fram.
 13. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg vegna málefna fatlaðra, jafnframt fundargerðir stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Suðurlandi. 1. fundur haldinn 12.10.2010 og 2. fundur haldinn 12.11.2010. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefði talið eðlilegra að þjónustusamningurinn hefði gilt til eins árs, til reynslu, jafnframt óskar sveitarstjórn eftir upplýsingum frá stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðra um hvernig haldið verði utan um fjármál málaflokksins. Sveitarstjórn gefur oddvita umboð til að undirrita samninginn.
 14. Samningur um snjósmokstur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Samningur lagður fram.
- Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 14. desember.
Fléira ekki, fundi slitið kl. 17:00.

Gleðileg jól



Tónleikar í Stóra-Núpskirkju 19. desember kl. 20:30

Mukkaló er hljómsveit í tónleikaferð um Ísland ásamt Júníusi Meyvant og við viljum gjarnan spila í gömlum kirkjum. Júníus sem er söngvaskáld, verður á rólegum nótum þetta kvöld með kassagítarinn. Mukkaló spilar lágstemmt, þjóðlagaskotið, jaðarpopp og malar sína björtu hljóðmynd með kassagíturum, trommum, fiðlum, harmonikku og sílófón. Textarnir eru á íslensku og ensku.

Allir hjartanlega velkomnir.
Mukkaló og Júníus Meyvant.





Jól á Kleppi (Þessi saga var birt í einu dagblaðanna 2007)

Vaktin mín byrjaði síðdegis á aðfangadag. Dagvaktin hafði séð um helsta undirbúninginn fyrir jólin, bæði hvað snerti húsakynninn og sjúklingana sjálfa. Deildin var skreytt í hólf og gólf. Marglitir borðar í lofti. Konfekt í skál á stofuborði. Og jólatréð á sínum stað. Öllu þessu fylgdi einhver sérstakur hugblær, einhver andi sem vakti minningar úr minningasjóði hvers og eins. Vonandi góðar hjá flestum sem þarna voru. Kannski ekki öllum. Lífið er svolítið misjafnt. Lífið fer svolítið misjafnlega með fólk. Og stundum fer fólk líka svolítið misjafnlega með lífið.

Þeir sjúklingar sem á annað borð þurftu hvatningu til slíkra hluta höfðu verið hvattir til að fara í bað og þeim hjálpað sem hjálpar voru þurfi. Starfsfólkið á dagvaktinni hafði haft nóg að gera við að lakka neglur og greiða hár. Sjúklingar lánuðu hverjir öðrum ilmvatnsdropa á bak við eyrað eða rakspíravott á nýskafið granstæði. Ættingjar og vinir höfðu komið með spariföt handa sumum. Aðrir fóru í það besta sem þeir höfðu. Sumir fengu lánuð úr óskilamunageymslu spítalans heldur skárri fót en þeir áttu sjálfir.

Starfsfólkið á vaktinni sem annars hefði ekki átt jólakvöldið saman á þessum stað hafði útbúið litla jólapakka hvert handa öðru og handa sjúklingunum. Áður hafði hver sjúklingur alltaf fengið ofurlitinn jólapakka frá spítalanum en í sparnaðarskyni var búið að afnema slíkt óþarfa bruðl með fjármuni rikissjóðs. Sumir sjúklinganna höfðu því ekki lengur neinn fallegan pakka með rauðri slaufu og nafninu sínu á til að opna á aðfangadagskvöld. Það er sorglegt. Innihaldið og dýrleiki gjafarinnar metinn í peningum skiptir litlu máli í samanburði við hugarfarið og hugulsemina sem að baki býr.

Sumir sjúklinganna fengu gjafir frá vinum og ættingjum. Aðrir áttu enga vini eða ættingja, að minnsta kosti enga sem skiptu sér af þeim lengur. Einkum þeir sem höfðu verið veikir lengi, alveg sérstaklega þeir sem höfðu verið mikið veikir mjög lengi. Sumu fólki finnast geðsjúkdómar dálítið leiðinlegir og setja blett á fjölskylduna. Ekki síst á stórhátíðum.

Sumir sjúklinganna áttu þó vini í hópi fólks sem þeir höfðu áður kynnst á þessari geðdeild eða öðrum. Ekki eru allir sjúklingar lokaðir inni fyrir lífstíð. Sumir ná nokkrum bata, margir ná fullum bata. Þeir skilja kannski betur en hinir sem alltaf hafa verið heilbrigðir, hvað það er að vera veikur. Og hvað það er að verða frískur aftur.

Sjúklingarnir opnuðu flestir pakkana sína í einrúmi. Sumum finnst betra að vera einir við slík tækifæri, fara hálfpartinn hjá sér þegar tárin skoppa niður vangana og minningar frá löngu liðnum og nærri gleymdum bernskujólum vakna.

Starfsfólkið skiptist þó á að líta til sjúklinganna og gleðjast með þeim og jafnvel gráta með þeim yfir litlu fallegu jólapökkunum. Þeir sem höfðu fengið gjafir að heiman höfðu sumir mikla ánægju af að segja frá þeim sem höfðu sent gjafirnar og jafnvel hvers vegna þeir fengu einmitt þetta. Hér var ekki á ferðinni nein upplýsingaskylda heldur löngun til að blanda geði en fyrst og fremst löngun til að tala um ástvinu sína.

Við vorum fjögur á vaktinni og það kom í okkar hlut að sjá um borðhaldið og undirbúning þess. Við færðum borðin saman og gerðum úr þeim eitt langborð, settum á það fallegan dúk og brutum saman servíettur eftir kúnstarinnar reglum. Venjulega drukku allir úr hvítum leirföntum en við komum með glös og settum þau á langborðið. Svo kveiktum við á kertum, nokkuð sem annars var aldrei gert á þessum stað og raunar bannað. Aldrei logar á kertum á Kleppi nema á aðfangadagskvöld, því að það er bannað. Við vorum tvær rúmlega tvítugar sem sáu um framreiðsluna á kvöldverðinum. Þetta var í fyrsta skipti á ævinni sem við sáu um jólamatinn.

Maturinn kom aðsendur í ýmsum ílátum og umbúðum. Forrétturinn var í hvítum snittukassa, niðurskorinn reyktur lax í kuðli ásamt káli og síðan áttu allir að ganga í kassann og fá sér á diskinn sinn. Sósan á laxinn var í litlum plastdöllum og til þess ætlast að hver fengi eina döl. En núna vorum við komnar í hlutverk húsmæðra og okkur fannst að engin húsmóðir með virðingu fyrir sjálfri sér og virðingu fyrir matargestum gæti haft sama hátt við borðhaldið á aðfangadagskvöld og hafður var alla aðra daga. Við sóttum litla diska og skömmtuðum eins snyrtilega og við gátum á hvern disk og bárum á borð fyrir hvern og einn.



Hamborgarhrygginn settum við á glerfat og fátíð settum við á borð í stað þess að skammta hverjum og einum á diskinn í biðröð eins og venjulega var gert. Eftirrétturinn var frómas með rjóma og við reyndum að búa hann í hendur fólksins eins smekklega og við gátum.

Sú er almenn venja við borðhald að allir ljúka forréttinum áður en kemur að aðalréttinum sem allir gera síðan skil áður en eftirréttur er borinn fram. En eins og áður sagði er lífið svolítið misjafnt og sums staðar er það misjafnara en annars staðar.

Þarna var fólk með ýmsa sjúkdóma – annars hefði það ekki verið þarna – sjúkdóma á borð við maníu, alvarlegt þungglyndi, mismunandi persónuleikaraskanir og geðklofa. Til dæmis var þarna maður sem átti mjög erfitt með að biða eftir nokkrum hlut og leið mjög illa ef hann þurfti að biða. Hann lauk við forréttinn á augabragði og bað um aðalréttinn og var búinn með eftirréttinn í þann mund sem aðrir voru að ljúka forréttinum. Já, það eru ekki allir eins og að minnsta kosti er aðfangadagskvöld á Kleppi varla stund og staður til að halda uppi aga og reglu á sama hátt og í barnaskóla eða bara á venjulegu heimili. Það er enginn í meðferð á aðfangadagskvöld. Og þó – kannski var þetta einmitt meðferð sem skilar betri árangri og betri líðan en ýmislegt sem fræðingarnir boða.

Margir af sjúklingunum luku í einlægni lofsorði á matinn þó að stundum hafi ég úti í hinum ytra heimi séð vandaðri og nostursamari matreiðslu en í þetta sinn í þessum litla lokaða heimi, jafnvel þó að ekki væru sjálf jóln. Við borðhaldið voru nokkrir gestir, fólk sem hafði áður dvalist á þessum stað og langaði að koma í heimsókn og gleðjast með gömlum vinum. Það var auðsött. Sumir þeirra sögðust ekki hafa borðað heitan mat í langan tíma, hvað þá svona góðan mat. Þeir áttu jafnvel ekki orð yfir öllu meðlætinu með kjötinu – sósu, kartöflum og salati. Og allir gátu borðað eins mikið og þeir vildu. Ég hafði aldrei fundið aðra eins gleði við nokkurt borðhald og á þessu aðfangadagskvöldi við Sundin.

Að öðru leyti var lítið um samræður af því tagi sem algengast er við sameiginlegt borðhald. Sumir sögðu ekki aukatekið orð þó á þá væri yrt. Sumir létu nægja að segja já eða nei eftir þörfum. Í sumum tilvikum var venjulegum borðsiðun nokkuð ábótavant. En flestir lögðu sig fram eins og þeir framast gátu og það er í rauninni það sem mestu varðar. Vil skiljum eða skynjum það líklega flest, fyrr eða síðar, að það sem máli skiptir er að taka viljann fyrir verkið.

Gestirnir utan úr bæ sem áður voru nefndir fóru að tínast inn nokkru áður en borðhaldið hófst. Sumir sem áttu ekki í mörg hús að venda höfðu komið ár eftir ár í jólamatinn á aðfangadagskvöld á Kleppi. Greinilegt var að hver og einn hafði lagt sig fram við að vera sem snyrtilegastur. Og þá, líka, varð stundum að taka viljann fyrir verkið. Einum hafði ekki lánast að hneppa skyrtuna sína rétt. Annar hafði ekki kunnað bindishnútt og þess vegna hnýtt á sig bindið með svipuðum hætti og tíðkast með skóreimar. Það var ekki laust við að ónefndir starfsmenn klökknuðu nokkuð innra með sér við að sjá þetta. Þeir sem eru óvanir veisluhöldum og eiga að jafnaði litla hlutdeild í heimsins dýrð eiga stundum í erfiðleikum með litlu hlutina sem flestum finnast svo einfaldir og sjálfsgöðir.

Það fór margoft í gegnum hugann þetta kvöld. Þarna lærði ég líklega meira en í mörgum kennslustundum í skólanum. Meira en ég lærði sitjandi undir mörgum stórgáfulegum fyrirlestum doktora og prófessora. Og þó var ég í námi í sálfræði. Fræðikenningar eru eitt, reynslan er annað. Köld skynsemi er eitt, tilfinningar eru annað.



Það er notalegt að eiga jólin í faðmi fjölskyldunnar. Fyrir þann sem á yfirleitt fjölskyldu. Fjölskyldu sem vill yfirleitt eitthvað með hann hafa. En þrátt fyrir það, eða jafnvel einmitt vegna þess, þá mæli ég með því, að fenginni reynslu minni þetta aðfangadagskvöld á Kleppi við sundin fyrir fimm árum, og annað aðfangadagskvöld á sama stað við sömu aðstæður tveimur árum seinna, að hver og einn verji þó ekki væri nema einu jólakvöldi í hópi þeirra sem minna mega sín. Verji þó ekki væri nema einu jólakvöldi í hópi okkar minnstu bræðra og systra sem auðnast ekki að binda bagga sína, eða hálstau, sömu hnútum og samferðamennirnir. Þá er ekki óhugsandi að við lítum jólahátíðina, gildi hennar og boðskap, nokkuð öðrum augum en áður. Þá er ekki óhugsandi að verðmætamatíð breytist. Að áður ókunnar spurningar vakni. Og jafnvel að þeim spurningum verði svarað að einhverju leyti í innstu fylgnum sálarinnar.

Erla Hlynsdóttir 2003



Flúðaleið

Sendum viðskiptavinum og Sunnlendingum öllum óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Starfsfólk Flúðaleiðar



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: **7:00 -9:00**

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl **12:00** frá Landflutningum og Kl **13:00** frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: **14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl **8:00-17:00** alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 - Pálmar

892-2371 - Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja og Hrunamannahreppur

Jólaþak. Starfsfólk Flúðaleiðar

Met slegið í Þjórsá 2010!

Síðastliðið sumar var ákaflega gjöfult um marga hluti, ekki síst hjá veiðimönnum um allt land. Veiðin í Þjórsá virðist ætla að slá öll fyrri met, bráðabirgða tölur sína að veiðst hafi um 7500 til 8000 fiskar úr ánni sem er met veiði. Mesta veiði áður hefur verið 5500 fiskar. Þetta má þakka aukinni laxgengd, almennt góð ár undanfarið og síðan og ekki síst aukin fiskgengd upp laxastigann í fossinum Búða, en í ár hafa aldrei gengið jafn margir laxar upp stigann. Megnið af þessum fiski gengur síðsumar sem ætla má að sé hrygningar fiskur, enda hafa verið að finnast æ fleiri búsvæði laxins fyrir ofan Búða bæði í Þjórsá og þverám hennar. Næstu ár verða mjög spennandi að fylgjast með veiðinni, nú er bara að sjá hvort ekki verði stangveiði í Þjórsá. En eitt hefur þó truflað veiðina nú í sumar en það er gríðarlega mikið vatn í ánni, bæði er það af miklum hitum og þess vegna er mikil jökulbráðnun, og svo eru það losanir úr lónum virkjanna á veiðitímanum en það er alls óviðunandi. Stjórn veiðifélags Þjórsár hefur verið í sambandi við Landsvirkjun um málið en mætt litlum skilningi frá þeim herrum. Nú í vetur er fyrirhugað að setjast niður með stjórnendum Landsvirkjunar og reyna ná samkomulagi um að ekki verði hleypt úr lónunum á meðan veiðitíminn stendur yfir einungis verði náttúrulegt rennsli í ánni.

Að lokum langar mig að biðja þá veiðiaðila sem veiddu síðastliðið sumar að senda veiðiskýrslurnar til veiðimálastofnunar á Selfossi er til húsa hjá Búnaðar-sambandinu helst fyrir áramót.

Ég óska öllum gleðilegra jóla með von um gjöfult nýtt ár.

Oddur Guðni Bjarnason.
Formaður veiðifélags Þjórsár



LEIKFIMI FYRIR KONUR

í Brautarholti

Sex vikna námskeið fyrir konur á öllum aldri. Vaxtamótandi æfingar þar sem lögð er áhersla á kvið, rass og læri. Notaðir eru boltar, teygjur og handlód.

Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar þar sem vel er tekið á því án þess að það sé hopp og hamangangur. **2x í viku - á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19:15.**

Byrjum 4. janúar 2011. Kennari er Eygló Linda Hallgrímsdóttir frá Lifandi húsi.

Skráning og upplýsingar hjá Jóhönnu Vilhjálmisdóttur
í síma 864-6101/482-2636

Allar konur velkomnar
Kvenfélag Skeiðahrepps



Umhverfislegur ávinningur!

Íbúar í Skeiða og Gnúpverjahreppi hafa nú flokkað heimilissorp sitt í rúmt ár. Innleiðing flokkunarkerfisins gekk vel í sveitarfélaginu og voru íbúar afar jákvæðir. Miklar breytingar hafa orðið í sorpmálum sunnlendinga undanfarið og nægir þar að nefna lokun urðunarstaðarins í Kirkjuferjuháleigu sem varð til þess að öllu sorpi af suðurlandi þarf að keyra til urðunar í Álfsnes í Reykjavík.

Kostnaður við flutninga á sorpi hefur í kjölfarið aukist mikið vegna aukinnar vegalendar að urðunarstað. Að auki er kostnaðurinn við urðun í Álfsnesi ríflega þrefalt hærri en kostnaður var við urðun í Kirkjuferjuháleigu. Fjárhagslegur ávinningur flokkunarinnar er því mikill þar sem einungis þarf að urða þann hluta heimilissorpsins sem fer í gráu tunnuna.

Umhverfislegur ávinningur af flokkuninni er ekki síður mikilvægur þar sem urðun á úrgangi er uppspretta margvíslegra neikvæðra umhverfisáhrifa. Endurvinnsla hefur á hinn bóginn jákvæð áhrif þar sem endurvinnsla hráefna sparar bæði náttúruauðlindir og orku.

Íbúar í Skeiða og Gnúpverjahreppi hafa lagt mjög mikið af mörkum til umhverfisins með flokkuninni. Sem dæmi má nefna að á einu ári safnast um 20 tonn af pappír og pappa frá íbúum Skeiða og Gnúpverjahrepps og endurvinnsla þess jafngildir því að um 340 fullvaxta tré sparast sem annars hefði þurft að fella til pappírs og pappa framleiðslu. Auk þess veldur endurvinnsla pappírs mun minni loft- og vatnsmengun miðað við frumvinnslu hans.

Stærsti hluti heimila í sveitarfélaginu safnar lífrænum heimilisúrgangi í brúnu tunnuna. Það sem af er árinu hafa safnast um 20 tonn af lífrænum heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Lífræni hluti sorpsins er fluttur í flokkunarstöð Íslenska gámafélagsins á Selfossi þar sem honum er breytt í moltu sem nýta má til gróðursetningar og uppgræðslu landsvæða. Þannig má segja að verið sé að viðhalda náttúrulegri hringrás næringarefna.

Endurvinnsla lífræna hluta sorpsins er einnig mikilvægt umhverfismál því lífrænn úrgangur sem fer í urðun er uppspretta skaðlegra gróðurhúsalofttegunda sem sleppa frá urðunarstöðum. Með því að jarðgera úrganginn með þeirri aðferð sem notuð er hjá Íslenska gámafélaginu er komið í veg fyrir að þessar skaðlegu lofttegundir myndist.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd eru íbúar í Skeiða og Gnúpverjahreppi duglegir við að halda heyrúlluplastinu frá öðru sorpi. Allt plast sem Íslenska gámafélagið sækir úr sveitarfélaginu er endurunnið af PM endurvinnslu sem er sérhæft fyrirtæki í plastendurvinnslu. Við endurvinnsluna er plastið tætt og síðan þvegið og þurrkað áður en það fer í endanlega endurvinnslu.

Afurð endurvinnslunnar hjá PM eru litlar plastkúlur sem notaðar eru sem hráefni í allskyns vörur úr plasti. Þannig er ekki útilokað að heyrúlluplastið úr Skeiða- og

Gnúpverjahreppi skili sér aftur sem vegstika eða jafnvel stuðari á bíl.

Um 49 % af því sorpi sem fellur til frá heimilum innan sveitarfélagsins fer nú í endurvinnslu. Um 16% er lífrænn úrgangur sem er jarðgerður og 16% eru endurvinnsluhráefni sem nú þegar hafa verið flutt úr landi til endurvinnslu. Það sorp sem endar í urðun er um 51% af heildinni, en markmiðið er að draga sem mest úr þessum hluta.

Eins og sjá má hér að neðan er árangurinn mjög góður og vel hefur tekist til að flokka. Að sjálfsögðu má gera enn betur og draga mun meira úr sorpi en nú. Sérstaklega viðist vera hægt að auka hlutfall í Grænu tunnunni.

Vert er að minna á að í Grænu tunnuna má setja allar plastumbúðir, allan pappír og pappa og alla minni málmhluti sem falla til á heimilinu.

Nánari upplýsingar um hvað má fara í grænu tunnuna má finna í flokkunarhandbókinni sem dreift var á öll heimilis sveitarfélagsins. Frekari upplýsingar má einnig finna á heimasíðu sveitarfélagsins og á www.flokkarinn.is.


Þau endurvinnsluhráefni sem hefur verið safnað saman hafa nú skilað sér til flokkunarmiðstöðvar Íslenska Gámafélagsins þar sem þeim hefur verið skipað út til endurvinnslu.

Íslenska Gámafélagið ítrekar að þá sem vantar upplýsingar og/eða ráðgjöf er bent á að hringja í aðalsíma félagsins: 577-5757 eða senda tölvupóst á igf@igf.is.



Bylgjupappi í útflutning.

Flokkun í Skeiða og Gnúpverjahreppi



Hestaeigendur.

Þjódum upp á fjölbreytta þjónustu fyrir hross:

Tamningar
Örmerkingar
Járningar
Uppeldi unghrossa

Getum aðstoðað við ormalyfsgjöf og séð um hófsnyrtingu.

Eiríkur og Unnur Lísu, Vorsabæ

Símar: 898-1556 og 863-7121.



2000 - 2010

LANDSTÓLPÍ

10 ára

Í tilefni af 10 ára afmæli Landstólpa ehf. sem er nú í desember ætlum við að gera okkur dagamun og vera með afmælisdagskrá sem hefst nk. mánudag.

Má þar meðal annars nefna myndasýningu um sögu fyrirtækisins, ýmiss konar afmælistilboð og eru ýmsar fleiri uppákomur fyrirhugaðar og verða þær auglýstar nánar með netpósti og á heimasíðunni okkar

AFMÆLISHÁTÍÐIN endar svo með **AFMÆLISVEISLU** fimmtudagskvöldið 9. desember.

Nú til loka **NÓVEMBER** verðum við með **10% afslátt** af öllum hreinlætisvörum til heimilisins, ásamt öllum þvotta- og hreingerningarefnum í fjósið. Þar að auki verður afmælisverð á völdum vörum til heimilisins.

Afmælistilboð í nóvember



Speedball
öflugur úðahreinsir
kr. 1.126,-



OMO hágæða-
þvottaefni 10 kg
kr. 5.133,-



SUMA Base
uppvottaduft 1,5 kg
kr. 1.229,-



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Alltaf heitt á könnunni

landstolpi.is

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Alhliða byggingavöruverslun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bílavörur

- Smurolíur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Öryggi og þurrkublið



Þrjónavörur

- Lopi, margir litir
- Þrjónar, ýmsar stærðir
- Þeysur, margir litir
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóður

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagir
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útimálning
- Lökk
- Sparti
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlím
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúss
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalím
- Undirlag



Hreinlætistækideild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skrufur og boltar
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalím
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glös og bollar
- Handryksugur
- Hrærivélur



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 486 1866 • vondull@simnet.is


Félagsmiðstöðin Zero - Gjöf frá Þjórsárskóla

Miðvikudaginn 24. nóvember komu nemendur og skólastjóri Þjórsárskóla færandi hendi í félagsmiðstöðina þegar skólinn gaf Zero tvær fartölvur. Tölvurnar munu nýttast gestum félagsmiðstöðvarinnar við heimanám sem í klúbba- og félagsstörfum. Þetta er mikil búbót og eitthvað sem hefur verið efst á þarfalista unglinganna frá upphafi enda mikilvæg tæki fyrir starfið.

Við þökkum Þjórsárskóla kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf :)

Á myndinni má sjá þegar Arnþór Ingvar nemandi í 7. bekk Þjórsárskóla afhendir gjöfina en Karen og Sólveig tóku við fyrir hönd Zeroráðsins.

Zerokveðja
Hjalti Sigurðsson



Kirkjubjöllurnar til sölu!

Til sölu eru kirkjubjöllurnar finu með myndum af Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju sem sóknar-börn fengu að gjöf í fyrra. Upplögð jólagjöf. Bjallan kostar 1500 kr. Sölufólk er Helga Kolbeinsdóttir í Tröð 486-5650 og 893-9565 og Valgerður og Guðjón á Húsatóftum 486-5530 og 896-5736.

Sóknir Ólafsvalla og Stóra-Núps kirkna.

